

Nýjar rannsóknir í vinnusögu

Inngangur

Rannsóknir á sögu vinnu og vinnandi fólks hafa á undanförunum árum tekið miklum breytingum. Með nýjum sjónarhornum, aðferðum, hugtökum og kenningum hafa sagnfræðingar horfið frá ýmsum viðteknum viðmiðum í því sem á íslensku hefur til skamms tíma verið kallað verkalýðssaga, en mætti líka kalla vinnusaga, sbr. enskan *labour history*. Áherslubreytingarnar fela meðal annars í sér efasemdir um að tilurð verkalýðsstéttar samhliða iðnvæðingu á 18. og 19. öld hafi verið afgerandi vendipunktur, eða að rekja megi línulaga þróun vinnutengsla frá frumstæðum framleiðsluáttum, þrældóms og ófrelsis lénskipulagins til atvinnufrelsis innan markaðshagkerfisins. Undir áhrifum frá kvenna- og kynjasögu, póstkólóníal menningarsögu og hnattrænni sögu (e. *global history*) hefur sjónum þess í stað og í auknum mæli verið beint að gagnvirkum sambandi ólíkra vinnutengsla og því hve vinnusaga er samofin sögu annarra valdakerfa.¹

Sagnfræðingar á þessu sviði hafa meðal annars beint sjónum sínum að samspili „fjálsra“ og „ófrjálsra“ vinnutengsla við mótun hnattræns kapitalisma,² að ólaunaðri vinnu kvenna og karla innan og utan heimilis og löngum sögulegum

¹ Marcel van der Linden, *The World Wide Web of Work. A History in the Making*, London: UCL Press, 2023; Christian G. De Vito, Juliane Schiel og Matthias van Rossum, „From bondage to precariousness? New perspectives on labor and social history“, *Journal of Social History* 2/2020, bls. 644–662; Jan Lucassen, „Workers. New Developments in Labor History since the 1980s“, *The Lifework of a Labor Historian. Essays in Honor of Marcel van der Linden*, ritstjórar Ulbe Bosma og Karin Hofmeester, Leiden: Brill, 2018, bls. 22–46.

² Alessandro Stanziani, *Bondage. Labor and Rights in Eurasia from the Sixteenth to the Early Twentieth Centuries*, New York: Berghahn books, 2014; *Building the Atlantic Empires. Unfree Labor and Imperial States in the Political Economy of Capitalism ca. 1500–1914*, ritstjórar John Dognoghe og Evelyn P. Jennings, Leiden: Brill, 2016.



Ritid

1. tbl. 24. árg. 2024 (1-6)

© 2024 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.1.1
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

rótum „tveggja-fyrirvinnu“-móðelsins (sem felur í sér að tveir einstaklingar, oftast hjón, stundi launavinnu af einhverju tagi til að sjá fyrir heimilinu),³ að víxlverkandi áhrifum atvinnulöggjafar og félagslegs ójöfnuðar í ólíkum samfélögum,⁴ að flóknu samspili þvingunar og vinnu á ólíkum tímum,⁵ að sögulegu mikilvægi hreyfanleika meðal vinnandi fólks bæði innan og á milli ólíkra vinnu- og hagkerfa,⁶ að atbeina vinnandi fólks og tækifærum þeirra til undanbragða og andófs svo fátt eitt sé nefnt.⁷

Líkt og sagnfræðingarnir Christian G. De Vito, Juliane Schiel og Matthias van Rossum ræða í grein í *Journal of Social History* frá árinu 2020, og birtist hér í íslenski þýðingu Gunnars Þorra Péturssonar, einkennast þessar nýlegu breytingar af viðleitni fræðimanna til að vinda ofan af áhrifum vestræns nútíma á vinnusögu og yfirstiga rötgróin andstæðupör innan vinnusögunnar í því skyni að

³ *The Whole Economy. Work and Gender in Early Modern Europe*, ritstjórar Catriona Macleod, Alexandra Shepard og Maria Ågren, Cambridge: Cambridge University Press, 2023; *Home-Based Work and Home-Based Workers (1800–2021)*, ritstjórar Malin Nilsson, Indrani Mazumdar og Silke Neunsinger, Leiden: Brill, 2022; *Making a Living, Making a Difference. Gender and Work in Early Modern European Society*, ritstjóri Maria Ågren, New York: Oxford University Press, 2017; *What is Work? Gender at the Crossroads of Home, Family, and Business from the Early Modern Era to the Present*, ritstjórar Raffaella Sarti, Anna Bellavitis og Manuela Martini, New York: Berghahn books, 2018; Jane Whittle, „A Critique of Approaches to ‘Domestic Work’. Women, Work and the Pre-Industrial Economy“, *Past & Present* 1/2019, bls. 35–70.

⁴ *Labour Laws in Preindustrial Europe. The Coercion and Regulation of Wage Labour, c. 1350–1850*, ritstjórar Jane Whittle og Thijs Lambrecht, Woodbridge: Boydell & Brewer, 2023.

⁵ *Coercion and Wage Labour. Exploring Work Relations through History and Art*, ritstjórar Anamarija Batista, Viola Müller og Corinna Peres, London: UCL Press, 2024; *On Coerced Labor. Work and Compulsion after Chattel Slavery*, ritstjórar Marcel van der Linden og Magaly Rodríguez García, Leiden: Brill, 2016; *Bonded Labour. Global and Comparative Perspectives*, ritstjórar Sabine Damir-Geilsdorf, Ulrike Lindner, Gesine Müller, Oliver Tappe og Michael Zeuske, Bielefeld: Transkript, 2016. Fyrir gagnrýna umfjöllun um kennilegan grundvöll þessara rita, sjá Tom Brass, „(Re-)Defining Labour Coercion?“, *Critical Sociology* 4–5/2018, bls. 793–803.

⁶ *Moving Workers. Historical Perspectives on Labour, Coercion and Im/Mobilities*, ritstjórar Claudia Bernardi, Viola Franziska Müller, Biljana Stojić og Vilhelm Vilhelmsson, Berlín: De Gruyter, 2023; *Coercive Geographies. Historicizing Mobility, Labor and Confinement*, ritstjórar Johan Heinsen, Martin Bak Jørgensen og Martin Ottovay Jørgensen, Leiden: Brill, 2021; Clare Anderson, „Global Mobilities“, *World Histories From Below. Disruption and Dissent, 1750 to the Present*, ritstjórar Antoinette Burton og Tony Ballantyne, London: Bloomsbury, 2016, bls. 169–195.

⁷ *Power at Work. A Global Perspective on Control and Resistance*, ritstjórar Marcel van der Linden og Nicole Mayer-Ahuja, Berlín: De Gruyter, 2023; *A Global History of Runaways. Workers, Mobility, and Capitalism, 1600–1850*, ritstjórar Marcus Rediker, Titas Chakraborty og Matthias van Rossum, Oakland: University of California Press, 2019.

bregðast við áskorunum samtímans. Þessi viðleitni, sem er að ýmsu leyti uppgjör við ríkjandi strauma í þekkingarfræði 19. og 20. aldar á borð við marxisma og frjálslyndisstefnu og þá karllægu, vestrænu (og „hvítu“) slagsíðu sem einkenndi hana, felur óhjákvæmilega í sér útvíkkun viðfangsefnisins í margar áttir, þar sem grundvallarspurningar um tíma (hvenær er vinna?), rúm (hvar er vinna?) og viðfang (hverjir vinna?) eru teknar til endurskoðunar. Í kjölfarið hefur mannkynsagan sjálf verið rituð upp á nýtt þar sem vinna í viðum skilningi – aðferðir manna við að hafa í sig og á í lífsbaráttunni – er ekki bara miðlæg heldur grundvallarþáttur tilverunnar.⁸

Með víðari tímaramma og fjölbreyttari efnistöfum hefur vinnusaga þannig verið vettvangur frjórora og nýstárlegra rannsókna í sagnfræði á undanförunum árum sem kallað hafa á ný hugtök, nýjar aðferðir og nýjar nálganir. Þessi gróska hefur einnig birst í nýlegum rannsóknum á Norðurlöndum þar sem söguleg viðfangsefni sem áður voru jaðarsett eða hunsuð innan norrænnar vinnusögu hafa verið rannsökuð og vinnusaga sem sérstakt undirfang sagnfræðinnar sem þarfnist sérmiðaðra hugtaka, kenninga og aðferða hefur hlotið endurnýjaða athygli fræðimanna.⁹ Ólíkt því sem er raunin annars staðar á Norðurlöndunum, þar sem starfrækt eru sérstök tímarit á sviði vinnusögu og rannsóknastofnanir sem hafa varðveislu og rannsóknir á því sviði að leiðarljósi, er engin stofnanaleg umgjörð fyrir rannsóknir og miðlun á vinnusögu hér á landi. Engu að síður hafa þessir nýju straumar borist hingað til lands að nokkru leyti, meðal annars þegar blásið var til norræns verkalýðssöguþings í Reykjavík haustið 2016.¹⁰ Ýmsir sagnfræðingar hafa sótt í þennan brunn við rannsóknir á til dæmis sögu vinnufólks og vistarbands, vinnu og þjóðfélagsstöðu kvenna og hreyfanleika í samfélagi 18. og 19. aldar svo einstök atriði séu nefnd.¹¹ Þó hefur skort samræmt átak við að laga

⁸ Sjá til dæmis Jan Lucassen, *The Story of Work. A New History of Humankind*, London: Yale University Press, 2021; James Suzman, *Work. A History of How We Spend Our Time*, London: Bloomsbury, 2020.

⁹ Sjá yfirlit hjá Nina Trige Andersen, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Silke Neunsinger, Pete Pesonen, Vilhelm Vilhelmsson og Hanne Østhus, „Longer, broader, deeper, and more personal – the renewal of labour history in the Nordic countries“, *Scandinavian Economic History Review*, 20 apríl 2023, <https://doi.org/10.1080/03585522.2023.2193193>; Johan Heinsen, Vilhelm Vilhelmsson og Hanne Østhus, „Labour and Coercion in the Nordic Region in the Early Modern Period. Connections, Ambiguities, Practices“, *Scandinavian Journal of History* 5/2023, bls. 551–571.

¹⁰ „XIV Conference Program, Reykjavík“, sótt 9. apríl 2024 af <https://www.nordiclabour-history.org/conference-program/>.

¹¹ Sjá til dæmis Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálftætt fólk. Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2017; Guðný Hallgrímsdóttir, „Independent Women in 18th-Century Iceland. Analysis of the Economic Status of Poor Peasant Women“, *Scandinavian*

hina nýju vinnusögu að íslenski sagnfræði, en það er von okkar að með þessu þemahefti sé fyrsta skrefið stigið í þá átt.

Í heftinu birtast fimm greinar eftir fjóra höfundar sem byggja á nýjum rannsóknunum á íslenski vinnusögu. Í fyrstu þemagreininni fjallar Már Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, um tilurð og texta tilskipunar um lausamenn á Íslandi frá 1783. Þar ræðir hann um fjölda, hlutverk og stöðu lausamanna, það er að segja verkafólks sem starfaði á eigin vegum og réði sér sjálft, á 18. öld og greinir umræðu samtímamanna sem og sagnfræðinga um þennan oft misskilda hóp í atvinnulífi íslenska landbúnaðarsamfélagsins. Hann fjallar svo um aðdragandann að setningu fyrrnefndrar tilskipunar og þau áhrif sem hún kann að hafa haft, eða ekki haft, á kjör og aðstæður vinnandi fólks á Íslandi á 18. og 19. öld.

Í þemagrein númer tvö fjallar Dalrún Kaldakvísl, sjálfstætt starfandi sagnfræðingur, um hákarlaveiðar við Íslandsstrendur og þær margháttuðu breytingar sem urðu á veiðunum á 20. öld. Í greininni er sjónum hvoru tveggja beint að breytingum á sjálfsvitund og ímynd hákarlaveiðimanna eftir því sem samfélag og efnahagslíf Íslendinga þróaðist úr landbúnaðarsamfélagi 19. aldar í iðnvætt nútímasamfélag sem og sambandi veiðimannanna við hafið og skepnuna sem þeir sóttust eftir samhliða vél- og tæknivæðingu sjávarútvegs. Þannig sam- einar Dalrún nálganir vinnusögu og umhverfishugvísinda í rannsókn sem byggir bæði á viðtölum við hákarlaveiðimenn í samtímanum og ítarlegri sagnfræðilegri greiningu á rituðum heimildum.

Þriðja grein þemaheftisins er eftir Hörpu Rún Ásmundsdóttur sagnfræðing og verkefnisstjóra við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra. Þar fjallar hún um fyrirhugaðan brottrekstur hreppsnefndar Súðavíkurhrepps á ólöglegu hús- og þurrabúðarfólki árið 1885. Auk þess að beina sjónum að umræðu Alþingis um þurrabúðarmenn og þeim viðhorfum sem birtust meðal þingmanna og á síðum tímarita í aðdraganda þess að breytingar voru gerðar á lögum um þurrabúðarmenn árið 1888, ígrundar Harpa ástæður þess að hreppsnefnd Súðavíkurhrepps vísaði þessu fólki úr hreppnum. Síðast en ekki síst skoðar hún viðbrögð þeirra einstaklinga sem svöruðu bréfi nefndarinnar.

Journal of History 4/2021, bls. 493–509; Ragnheiður Kristjánsdóttir og Silke Neunsinger, „Closing the Gender Pay Gap. Global Concepts, Local Negotiations in Iceland and Sweden, 1900–1985“, *Trade Union Activism in the Nordic Countries since 1900*, ritstjórar Jesper Jørgensen og Flemming Mikkelsen, London: Palgrave Macmillan, 2023, bls. 351–379; Vilhelm Vilhelmsson og Emil Gunnlaugsson, „Passports, permits, and labour im/mobility in Iceland, 1780s–1860s“, *Moving Workers. Historical Perspectives on Labour, Coercion and Im/Mobilities*, ritstjórar Claudia Bernardi, Viola Franziska Müller, Biljana Stojić og Vilhelm Vilhelmsson, Berlín: De Gruyter, 2023, bls. 87–111.

Í fjórðu greininni skrifar Njörður Sigurjónsson, prófessor í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, um stjórnunarkenningar Guðmundar Finn­bogasonar (1873–1944), heimspekings og sálfræðings, og hugmyndir hans um vinnuvísindi í byrjun 20. aldar. Guðmundur þekkti vel til ríkjandi kenninga í vinnuvísindum á Vesturlöndum og miðlaði þeim til samlanda sinna í nokkrum ritum en mótaði um leið sínar eigin hugmyndir þar sem vikið var frá ýmsum viðteknum sannindum.

Í fimmtu og síðustu þemagrein heftisins skrifar Dalrún Kaldakvísl um störf, vinnuaðstæður og þjóðfélagsstöðu ráðskvenna í sveit á seinni helmingi 20. aldar. Á grunni viðtala sem Dalrún tók við fyrrum ráðskonur rýnir hún í ástæðurnar að baki því að konur réðu sig í ráðskonuvist á sveitaheimilum á þessu tímabili Íslandssögunnar, sem einkenndist af sívaxandi sókn kvenna á vinnumarkaðinn og mikilli uppbyggingu velferðarkerfisins. Hún færir rök fyrir því að ráðskonustarfið hafi þjónað sem hálfgildings félagslegt úrræði fyrir einstæðar mæður sem voru á hrakhólum í efnahagslegu og atvinnulegu tilliti á sama tíma og enn var eftirspurn eftir vinnu kvenna á sveitaheimilum þar sem enn ríktu gamalgróin við­horf um kvenna- og karlastörf.

Að þessu sinni falla tvær greinar utan þema. Sú fyrri er eftir Hólmfríði Þór­oddsdóttur og fjallar um tákn­mál­stúlkun og áhrif undirbúnings á gæði tákn­mál­stúlkunar. Greinin byggir á rannsókn Hólmfríðar á starfi tákn­mál­stúlka en eins og kemur glögglega fram í skrifum hennar þurfa þeir að hafa margt í huga við undirbúning tákn­mál­stúlkunar; jafnt málfræðileg atriði, umræðuefni, sérstök málsnið, raddtúlkun og aðstæður. Niðurstöður rannsóknarinnar vitna um að góður undirbúningur léttir á hugrænu álagi túlkanna þegar í túlkunaraðstæður er komið, sem leiðir til betri túlkunar.

Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, beinir sjónum að Kanaríeyjum og veltir fyrir sér hvers vegna Íslendingar ferðist þangað og hvernig þeir líti á sig í því þverþjóðlega samfélagi sem þar er að finna. Greinin byggir á viðtölum sem tekin voru á Íslandi og á Kanaríeyjum við fólk sem hefur búsetu á Gran Canaria og Tenerife, sem og við fólk sem ferðast til eyjanna frá Íslandi til að dveljast í styttri tíma. Rannsókn Kristínar bendir til að þótt fólk frá Íslandi sækir í svipaða hluti – eins og sól og strönd sem og oft nálægð við aðra Íslendinga – eru aðstæður þess ólíkar til dæmis með hliðsjón af efnahag, heilsu, ólíkum aðstæðum og sjálfsmynd einstaklinga.

Forsíðumyndin sem prýðir *Ritið* að þessu sinni er ljósmynd Lárusar Óla Kristins Magnússonar (1921–2012) af ónefndri ráðskonu við störf í eldhúsi vegavinnuskúrs um miðbik 20. aldar. Myndin, sem er varðveitt á Byggðasafni Dalamanna, sýnir einbeitta unga konu niðursokkna við starf sitt við að fæða

stóran flokk verkamanna við vegagerð. Myndin er gott dæmi um þær áherslur sem einkenna nýju vinnusöguna, þar sem sjónum er beint að þeim störfum og því verkafólki sem hlutu litla athygli í sagnritun eldri sagnaritun en skiptu þó sköpum við að halda samfélaginu gangandi.